

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2015, miðvikudaginn 26. ágúst var haldinn 85. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Hermann Valsson, Óttarr Örn Guðlaugsson, Kristín Sigurey Sigurðardóttir og Gunnar Kristinsson. Einnig voru viðstödd Gréta María Grétarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Ingibjörg Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG.

Trausti Jónsson, verkefnisstjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar. Afgreiðslu frestað til aukafundar hverfisráðs, 8. september.
2. Leiksvæði barna í Reynisvatnsási. Erindi frá umhverfis- og skipulagssviði dags. 24. nóvember 2014. Fulltrúar munu óska eftir fundi með fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs kl. 8:15, þriðjudaginn 1. september nk.
3. Styrkbeiðni frá íbúasamtökum Grafarholts vegna íbúahátíðarinnar „Í Holtinu heima“. Styrkur, 100.000.- samþykktur samhljóða.
4. Erindi frá stjórnkerfis- og lýðræðisráði, dags. 11. júní 2015. Afgreiðslu frestað til aukafundar hverfisráðs, 8. september. Óskað verður eftir að fá Óskar Sandholt á fundinn.
5. Kaffi og spjall.
 - a. Erindi frá Menningar- og ferðamálasviði dags. 22. júní 2015 um útilistaverk í Grafarholti.

Bókun hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals.

Hverfisráð fagnar tilkomu útilistaverka við skólana í Grafarholti.
 - b. Hjólabrettapallur í Grafarholti.

Fundi slitið kl. 16:57

Hermann Valsson

Óttarr Örn Guðlaugsson
Gunnar Kristinsson

Kristín Sigurey Sigurðardóttir